

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 178/2013

2014/EES/13/26

frá 8. október 2013

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2013 frá 4. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reiknings-skilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 1 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 301/2013 frá 27. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reiknings-skilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, tímabilið 2009–2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 313/2013 frá 4. apríl 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reiknings-skilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar samstæðureikningsskil, sameiginleg verkefni og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar (breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS 10, 11 og 12) ⁽³⁾.
- 4) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 0183**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2013 frá 4. mars 2013 (Stjtið. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 6),
- **32013 R 0301**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 301/2013 frá 27. mars 2013 (Stjtið. ESB L 90, 28.3.2013, bls. 78),
- **32013 R 0313**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 313/2013 frá 4. apríl 2013 (Stjtið. ESB L 95, 5.4.2013, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 183/2013, (ESB) nr. 301/2013 og (ESB) nr. 313/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 90, 28.3.2013, bls. 78.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 95, 5.4.2013, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.